

Borgarráð Reykjavíkur
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík, 27. ágúst 2019

Erindi: Umsögn endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar vegna árshlutareiknings A-hluta og samantekins árshlutareiknings Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar – júní 2019.

Endurskoðunarnefnd hefur það hlutverk gagnvart borgarstjórn að sinna fyrir hönd hennar eftirliti með verklagi við gerð reikningsskila, eftirliti með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun og áhættustýringu og eftirliti með ytri endurskoðun eins og fram kemur í 108 gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og samþykkt nefndarinnar.

Nefndin hefur átt fund með fjármálastjóra og borgarbókara um árshlutareikning Reykjavíkurborgar fyrir tímabilið janúar - júní 2019. Á fundinum var rætt um helstu álitamál og mikilvæga liði í reikningsskilunum og farið yfir atriði sem varða framsetningu árshlutareikningsins. Nefndin hefur fengið kynningu á árshlutareikningi Orkuveitu Reykjavíkur fyrir sama tímabil en árshlutareikningur Orkuveitunnar hefur töluvert vægi í árshlutareikningi samstæðu Reykjavíkurborgar.

Í störfum sínum leggur nefndin áherslu á að vinnuferlið við gerð reikningsskila Reykjavíkurborgar sé skjalfest og hver aðgerð í ferlinu sé áhættumetin til þess að greina hættuna á að veruleg skekkja eða rangfærsla komist í reikningsskilin.

Ofangreind yfirferð endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar á árshlutareikningi borgarinnar fyrir tímabilið janúar – júní 2019 hefur ekki leitt í ljós annað en að árshlutareikningurinn sé gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglur sem gilda um reikningsskil sveitarfélaga.


Nefndin vill vekja á því athygli að skil B-hluta félaga á árshlutareikningum og öðrum gögnum vegna gerðar samantekinna reikningsskila (A- og B-hluti) voru ekki viðunandi. Einungist tvö félög af níu skiluðu upplýsingum til borgarbókhalds fyrir þann tímafrest sem borgarbókhald setti, en óskað var eftir skilum gagna eigi síðar en 10. ágúst. Verulegur dráttur var á skilum nokkurra félaga.

Gerð samantekinna reikningsskila er tímafrek og krefst mikillar nákvæmni. Vinna við gerð

Reykjavíkurborg Endurskoðunarnefnd

reikningsskila undir mikilli tímapressu eykur líkur á skekkjum og að mistök geti átt sér stað. Mikilvægt er að betur verði staðið að skilum B-hluta félaga eftirleiðis og mun endurskoðunarnefnd fylgja því sérstaklega eftir.

f.h. endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar



Láraus Finnbogason